

Nd.

**139. Nefndarálit**

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 2. minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samstaða náðist ekki um afgreiðslu þess. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni leggja til, að frv. verði samþykkt, en undirritaðir leggja til, að það verði fellt.

Efni frv. er það, að hækkaður verði skattur á benzíni um 90 aura á lítra, eða um 32.5%. Einnig verði hækkaður þungaskattur á dieselbifreiðum um 37.1% að meðaltali. Áætlað er, að þessi skattahækkun nemi á árinu 1966 um 56.5 millj. kr. nettó.

Samtímis því, að ríkisstjórnin flytur þetta frumvarp, tilkynnir hún þá ákvörðun sína, að felld verði niður með öllu fjárveiting úr ríkissjóði til vegamála í landinu. Þær 47 millj. kr., sem síðasta þing samþykkti í vegáætlun, að varið skyldi úr ríkissjóði árlega til vegamála í 4 ár, eru þar með úr sögunni um sinn a. m. k.

Þær 9.5 millj. kr., sem skattahækkunin er áætluð meiri en framlag ríkissjóðs er til vegamála á þessu ári, jafngildir ekki einu sinni þeirri verðhækkun, sem orðið hefur á fyrri hluta þessa árs í vega- og brúagerð. Það er því síður en svo, að raunverulega sé verið að auka fjármagn til vegamála.

Það hlýtur að vekja athygli manna, að nú telur ríkisstjórnin sér ekki fært að greiða neitt úr ríkissjóði til vegamála í landinu, þrátt fyrir það að hún innheimtir til sinna þarfa mörg hundruð milljónir kr. á ári af bifreiðum landsmanna. Vegakerfið hefur þó sífellt þörf fyrir meira fé, því að minna og minna fæst fyrir hverja krónu. Það væri því álitamál að samþykkja einhverja hækkun á benzínskatti og þungaskatti af bilum, ef það fé gengi til vega og brúa, án þess að umsamið framlag frá ríkinu félli niður. Árlega er bætt við nýjum sköttum og allir hverfa þeir í verðbólguhitina. Við teljum ástæðulaust að taka þátt í þeim verðbólguhitinum. Hið eina, sem dugir, er að gerðar séu raunhæfar ráðstafanir til að stöðva verðbólgu og dregið sé úr eyðslu ríkissjóðs.

Hið alvarlegasta við þetta mál er þó það, að með því hefur ríkisstjórnin rofið samkomulag, sem hún gerði á Alþingi við þingflokkana, er vegalög voru samþykkt fyrir 2 árum. Í því samkomulagi fólst m. a., að árlegt framlag ríkissjóðs til vegamála skyldi ekki vera lægra en 47 millj. kr. Í samræmi við þetta samkomulag var sett vegáætlun fyrir árið 1964 og síðar fjögurra ára vegáætlun fyrir árin 1965 til 1968, með 47 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði ár hvert. Slík samningsrof af hálfu ríkisstjórnarinnar eru ekki traustvekjandi.

Alþingi, 2. des. 1965.

Sigurvin Einarsson,  
frsm.

Björn Pálsson.